

FUNDARBOÐ – SKÁTAPING 2020



Sent á alla virka skáta 16 ára og eldri skv. félagatali BÍS

Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2020.

Þingið verður haldið þann **31. október 2020** í félagsheimili Fáks, Vatnsveituvegi í Víðidal. Fulltrúar með atkvæðisrétt geta tekið þátt í gegnum fjarfundabúnað og gildir sami skráningarfræstur á þingið. Streymt verður frá þinginu á vefsíðu skátanna. Þingsetning er klukkan 9:00 og húsið opnar 8:30.

Sérstök athygli er vakin á því að aftur er hægt að skila inn framboðum, beiðnum um upptöku mála og lagabreytingum en þessi fræstur færast með breyttri dagsetningu líkt og 17. og 18. grein laga BÍS kveða á um.

Afhending þinggagna fer fram á fundarstað, þangað til eru þau aðgengileg á vefsvæði skátapings sem má finna á slóðinni: <https://skatarnir.is/skatathing>.

Dagskrá þingsins er skv. 20. grein laga BÍS en einnig er rétt að vekja sérstaka athygli á greinum 16 – 19 í lögum BÍS sem fjalla um Skátaping.

Við undirbúning þingsins verður lögð áhersla á að virkja alla þátttakendur. Til þess að þetta megi takast sem best er nauðsynlegt að skráning þátttakenda berist tímanlega. Allir starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétti. Skátafélög eru hvött til þess að vekja athygli sinna skáta á þinginu.

Þátttökugjald er **2.500 kr.** og innifalin eru þinggögn og léttar veitingar á meðan á þingi stendur. Ekkert þátttökugjald er fyrir fulltrúa sem taka þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Skráning þingfulltrúa er hafin á: <https://sportabler.com/shop/skatarnir> og skulu þingfulltrúar hafa skráð sig **eigi síðar en laugardaginn 24. október 2020**. Rétt er að ítreka að ALLIR skátar sem hyggjast taka þátt í þinginu skrái þátttöku sína.

Rétt er að minna á að lokafrestur til að skila stjórn BÍS tillögum til breytinga á lögum BÍS er 4 vikum fyrir þing, þ.e. 3. október og lokafrestur til að skila beiðnum til stjórnar BÍS um upptöku mála á Skátapingi er 3 vikum fyrir þing, þ.e. 10. október.

Eftirtalin hlutverk eru laus til kjörs:

Stjórn:

Skátahöfðingi
Gjaldkeri
5 meðstjórnendur

Fastaráð:

3 sæti í alþjóðaráði
3 sæti í starfsráði
3 sæti í stjórn Skátaskólans
3 sæti í ungmenningaráði

Önnur hlutverk:

5 sæti í uppstillinganefnd
3 félagslegir skoðunarmenn reikninga
Löggiltur endurskoðandi

Uppstillinganefnd lagði fram [lista með frambjóðendum í öll ofangreind embætti fyrir Skátaping](#) sem átti að vera í apríl í samræmi við lög BÍS. Sjálfkjörið hefði



verið í öll embætti og í vor gaf félagsforingjafundur heimild til að þeir hópar hæfu störf sem óformlegir vinnuhópar fram að Skátapingi.

Engu að síður er framboðsfrestur til klukkan 12:00 laugardaginn 10. október. Þau sem eru áhugasöm um einhver þessara embætta skulu senda tilkynningu um framboð sitt á netfangið uppstilling@skatar.is.

Uppstillinganefnd skipa:

Andri Týr Kristleifsson	andri@kopar.is	860-1923
Berglind Lilja Björnsdóttir	berglind@skatar.is	659-1366
Birgir Þór Ómarsson	biggiomars@gmail.com	895-7551
Helga Rós Einarisdóttir	helgaros@gmail.com	659-4949
Sigurður Viktor Úlfarsson	siggiulfars@gmail.com	854-0074

Skátafélög með aðild A og B skulu skila kjörbréfum fyrir setningu Skátapings en það skal gert rafrænt á slóðinni: <https://skatarnir.is/kjorbref>.

Vert er að nefna að þau sem skiluðu framboðum og tillögum fyrir þingið í vor þurfa ekki að gera það aftur.

Reykjavík, 11. september 2020.

F.h. stjórnar BÍS,
Guðmundur S.
Fjármála- og verkefnastjóri BÍS

